

**Viðbrögð Hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands við Hönnunarstefnu  
Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytisins 2019 – 2027**

Efnisyfirlit

A. Viðbrögð við Greinargerð um Mótun nýrrar Hönnunarstefnu 2019 – 2027.....	2 - 6
1. Verkefnið .....	2
2. Stöðumat .....	2 - 5
2.1. Núgildandi stefna.....	2
2.2. Framkvæmd stefnu .....	2
2.2.1. Menntun og þekking .....	3
2.2.2. Starfs- og stuðningsumhverfi .....	4
2.2.3. Vitundarvakning .....	4
2.2.4. Skipulag, samstarf og eftirfylgni stefnunnar .....	5
4. Hönnunarstefna 2019-2027: Lykilviðfangsefni .....	6
B. Viðbrögð við Drögum Hönnunarstefnu 2019 - 2027.....	8 – 9
1. Almenn viðbrögð við drögum að Hönnunarstefnu 2019 – 2027 .....	8
2. Ákveðnir punktar stefnunnar skoðaðir nánar í blaðsíðuröð .....	9

## Mótun nýrrar Hönnunarstefnu 2019 - 2027

### Greinargerð

#### Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytið

A. *Eftirfarandi eru viðbrögð deildarforseta, fagstjóra og verkefnastjóra hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands við greinargerð um mótun nýrrar Hönnunarstefnu 2019-2027. Viðbrögðin eru sett fram í samræmi við uppsetningu greinargerðarinnar sjálfrar þar sem efninu er skipt í kafla og undirkafla.*

### 1. Verkefnið

Eftir skoðun á greinargerð um mótun nýrrar Hönnunarstefnu sjáum við enga framtíðarsýn á borð við þá sem eitt meginmarkmið verkefnisins kveður á um, þ.e.a.s. að „vinna stefnuskjal þar sem fram kemur framtíðarsýn fyrir málaflokkinn ásamt meginmarkmiðum, áherslum og helstu aðgerðum.“ Án þess háttar stefnuskjals er erfitt að átta sig á hvernig markmiðum Hönnunarstefnunnar verður hrint í framkvæmd. Ef litið er heildstætt yfir stefnuna virðist óskýrt hvernig framkvæmd markmiða stefnunnar og eftirfylgni með þeim verður háttað.

### 2. Stöðumat

#### 2.1. Núgildandi stefna

Í þessum kafla er talið er upp hver meginmarkmið fyrri Hönnunarstefnu hafi verið en þau eru eftirarandi:

„... auka vægi hönnunar í íslensku atvinnulífi með það að sjónarmiði að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og auka verðmætasköpun og lífsgæði enda miðar aðferðafræði hönnunar að því að brúa bilið milli sköpunargáfu og nýsköpunar, tækni og notanda, vísinda- og markaðstengdra greina.“ (Bl. 3)

Í kjölfarið eru grunnstoðir stefnunnar taldar upp og þar segir: „Löggð er sérstök áhersla á að auka veg hönnunar í grunn- og framhaldsskólum og að rannsóknartengt háskólanám í hönnun sé eflt.“ (Bl. 3)

Að okkar mati fá þessi atriði fá ekki nægilegt vægi í hönnunarstefnunni sjálfri, þrátt fyrir skýr markmið. Þess er heldur ekki getið með hvaða hætti efla á rannsóknartengt háskólanám í hönnun, þ.e.a.s til hvaða aðgerða á að grípa eða hvernig sú fyrirhugað er að fjármagna slíka aðgerð.

## **2.2. Framkvæmd stefnu**

Í kafla um framkvæmd stefnunnar veltum við því fyrir okkur hvort eðlilegra hefði verið að fá hönnunarmenntaða eða hönnunartengda aðila til að hafa umsjón með gerð hönnunarstefnu. Okkur þykir þekkingu umsjónaraðila á þessum fagvettvangi vera nokkuð umbótavant sem skilar sér í illa ígrundaðri stefnu sem fyrst og fremst byggir á almennum og sjálfsögðum ábendingum en skortir tilfinnanlega faglega framtíðarsýn. Hvergi er sýnt fram á skilning eða þekkingu á faggreininni og þeim vandamálum sem fyrir greininni blasa, hvað þá að horft sé til þeirra tækifæra sem í greininni liggja íslensku samfélagi til hagsbóta. Með þessari nálgun er faggreinin í smættuð niður í sína einföldustu mynd, á kostnað dýpri greiningar og þess fjölbreytileika sem liggur í fagsviðinu.

### **2.2.1. Menntun og þekking**

Í kafla um menntun og þekkingu veltum við því fyrir okkur hverjir þessir helstu hagsmunaðilar og viðmælendur eru sem mátu það sem svo að þróun rannsókna á áhrifum hönnunar og möguleikum hennar sé neikvæð og að tenging háskólamenntunar í hönnun við aðrar háskólagreinar sé sömuleiðis neikvæð. Fyrir hvað standa hugtökin *neikvæð*, *óljós* og *jákvæð* og hvernig var unnið að þeim niðurstöðum sem birtast í greinargerðinni? Í framhaldinu segir: „Listaháskóli Íslands er vissulega til staðar og heldur úti námi í hönnun en starfsumhverfi hans mótast ekki af hönnunarstefnu...” (Bl. 4). Við erum efins um að nám og rannsóknir innan Listaháskóla Íslands ættu yfir höfuð að mótast af markaðsdrifinni og tímabundinni stefnu stjórnvalda. Orðalagið sjálf er óheppilegt; „Listaháskóli Íslands er vissulega til staðar” í ljósi þess að það starf sem þar er unnið er forsenda og grundvöllur að nánast allri framþróun og umræðu um hönnun hér á landi. Þetta er sérstaklega bagalegt þar sem þetta er nánast eini staðurinn í greinargerðinni þar sem Listaháskólinn er nefndur. Við veltum því fyrir okkur hvort aðstandendur Hönnunarstefnunnar hafi kynnt sér Listaháskóla

Íslands og ötult starf hans við að efla rannsóknartengt hönnunarnám og markvissa vinnu við að tengja hönnun við aðrar háskólagreinar.

Í framhaldi viljum við benda á að menntun fagfólks í hönnun á Íslandi og hin íslenska hönnun í sjálfri sér má að stórum hluta þakka starfsemi Listaháskóla Íslands. Þá má nefna að vart er til það hönnunarfyrirtæki héraendis sem ekki hefur fyrrum nemendur eða kennara úr skólanum í starfsmannahóp sínum. Það gefur auga leið að Listaháskóli Íslands er grunnstoð faggreinarinnar og elur af sér bróðurpart hönnunarsamfélagsins. Þar að auki hefur Listkennsludeild Listaháskóla Íslands á undanförunum árum útskrifað marga færa kennara í listum og hönnun með réttindi til kennslu í grunn- og framhaldsskólum en hvergi er minnst á það nám — hvorki í eldri né nýrri Hönnunarstefnu.

### **2.2.2. Starfs- og stuðningsumhverfi**

Í kafla um starfs – og stuðningsumhverfi teljum við nauðsynlegt að nefna mikilvægi þess að styðja við háskólamenntun á sviði hönnunar og arkitektúrs. Í Hönnunarstefnunni þyrfti að koma fram ákvæði um mikilvægi þess að styðja enn frekar við háskólanám í hönnun og arkitektúr og þróun þess, auk rannsókna á því sviði. Í því samhengi má geta þess að rannsóknarframlög til Listaháskólans hafa fram að þessu verið þau lægstu sem háskólar á Íslandi njóta - eða einungis tæplega helmingur af þeim framlögum sem teljast næst lægst. Ef efla á hönnun á Íslandi og rannsóknir tengdar henni gefur augaleið að fagreinin þarf að njóta jafnræðis við önnur fræðasvið hvað rannsóknum viðkemur.

Í þessum kafla kemur sömuleiðis fram að full ástæða sé talin fyrir því að „huga að ólíkum þörfum hönnuða og fyrirtækja þegar kemur að stuðningi í síbreytilegum heimi” (Bls. 5) Ákvæðið, sem vissulega er mikilvægt, skilar sér ekki inn í stefnuna sjálfa.

Þar að auki er nauðsynlegt að auka framlög til starfslauna hönnuða svo möguleikar á þróun fjölbreyttra verkefna aukist. Bent er á að starfslaun hönnuða flokkast ekki undir listamannalaun.

### **2.2.3. Vitundarvakning**

Það er eftirtæktarvert að í kafla um vitundarvakningu kemur hlutverk Listaháskólans hvergi við sögu. Eins og áður kom fram er yfirgnæfandi hluti þeirra hönnuða sem mynda starfsvettvanginn fyrrum nemendur skólans, núverandi nemendur skólans, kennarar skólans

eða fyrrum kennarar. Litið er framhjá þeirri staðreynd að Hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskólans er grunnur þess að hér sé yfirleitt til staðar kröftugur hönnunarvettvangur.

Vitundarvakning er einvörðungu rakinn til Hönnunarmiðstöðvarinnar:

“Sá árangur er rakinn til Hönnunarmiðstöðvar sem hefur staðið fyrir vel heppnuðum verkefnum, t.d. Hönnunarmars, Design talks og Hönnunarverðlaunum.” (Bl. 5)

Hönnunarmiðstöð hefur vissulega unnið þrekvirki á undanförunum árum en Listaháskólinn hefur ekki síður skipt sköpum sem áhrifavaldur á þessu sviði. Því þótt háskólastarf sé vitaskuld ekki jafn markaðsmiðað og starf kynningarmiðstöðvar byggir nýsköpun og gróska í atvinnugreininni fyrst og fremst á góðri menntun og rannsóknum.

Hlutverk Listaháskóla Íslands er mjög veigamikil þegar kemur að því að efla vitundarvakningu, búa til samstarf og kynna íslenska hönnun hérlendis sem og erlendis. Sú staðreynd þyrfti að vera skýr í stefnu á borð við þessa. Sem dæmi um slíka vitundarvakningu má nefna að flestir kennarar og margir nemendur skólans eru í evrópskum og/eða alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem eykur enn fremur á vitundarvakningu á íslenskri hönnun utan landssteinanna, auk þess að stuðla að samstarfi sem örðugt væri að efna til með öðrum hætti.

#### ***2.2.4. Skipulag, samstarf og eftirfylgni stefnunnar***

Í kafla um skipulag, samstarf og eftirfylgni stefnunnar þykir okkur vert að nefna að Hönnunarstefnan í heild sinni virðist fremur rýr og ekki gefa fullnægjandi til kynna mikilvægi verkefnisins. Hér er tækifæri til að marka metnaðarfulla stefnu, en það sem birtist okkur í þessum skjölum er ekki nægilega skýrt þegar horft er til framtíðar.

Stefnan er jafnframt mjög sjálfsmiðuð, þ.e.a.s. skrifuð fyrir íslenskt samfélag án þess að hugað sé að samfélagslegri ábyrgð áhnattrænum mælikvarða.

Óljóst þykir hvernig greint var frá reynslu af framkvæmd og innleiðingu við eldri stefnu og veltum því fyrir okkur hvort samráðsfundur sem vísað er til í greinargerð hafi byggt upp megininntak eftirfylgni stefnunnar.

Að auki er erfitt að merkja hvaða atriði úr samráðsferli rötuðu inn í stefnuna og hvert skipulag var við gerð hennar. Áhugaverðari og sterkari punktar er varða viðurkenningu hönnunar sem fræðasviðs og auknar áherslur á grunnrannsóknir innan faggreinarinnar hefðu þurft að rata þarna inn þó þeir hafi ekki augljóst hagnýt gildi heldur fyrst og fremst gildi til lengri tíma - gagnvart áskorunum framtíðar.

Þannig vantar áherslu á fjölbreyttar birtingarmyndir hönnunar en að okkar mati er einblínt of mikið á hagræn áhrif hönnunar í stað þessa að velta upp samfélagslegum ávinningi. Þrátt fyrir að annað af meginmarkmiðum stefnunnar sé *Betra samfélag* virðist eingöngu litið til hins hagræna ávinnings fyrir samfélagið án þess að tekið sé tillit til fyrirjáanlegra framtíðarverkefna eða hnattrænnar ábyrgðar við uppbyggingu betra samfélags.

Mikilvægt er að hugtakið hönnun sé skilgreint í mun víðara samhengi en hér er gert. Skilgreining hugtaksins þarf að vera í takti við alþjóðlega straua um gildi og mikilvægi hönnunar fyrir endurskoðun ferla í gjörbreyttu samfélagi á 21.öld. Mun meira mið þarf að taka af hinu hnattræna og alþjóðlega samhengi sem við lifum við í dag og leggja áherslu á að við erum hluti af stærri heild. Áherslurnar þurfa að snúa að því hvernig nýta megi hönnun og hönnunarhugsun til að takast á við flókin verkefni sem við stöndum nú frammi fyrir, til dæmis hvað umhverfis, tækni og samfélagsmál varða.

#### **4. Hönnunarstefna 2019-2027: Lykilviðfangsefni**

Í kafla um lykilviðfangsefni Hönnunarstefnunnar verður að leggja áherslu á mikilvægi rannsókna á sviði hönnunar og þá staðreynd að Listaháskólinn sé farvegur fyrir slíkar rannsóknir. Rannsóknir eru forsenda nýsköpunar í hönnun. Nú þegar eru rannsóknir stundaðar af miklum krafti innan Listaskólans og þarf að styðja enn betur við það starf sem þar fer fram.

Í þessum kafla segir:

*„f. Að stuðla að auknum rannsóknum háskóla á áhrifum og gildi hönnunar fyrir íslenskt samfélag.“ (Bl. 12)*

Þessi áhersla skilar sér ekki inn í stefnuna og það vekur athygli að einungis er minnst á rannsóknir á hönnun en ekkert minnst á hönnunarrannsóknir eða rannsóknir hönnuða. Aðeins er horft á að greina fjárhagslegan ávinning hönnunar en ekki litið til þess að styðja rannsóknir og þar af leiðandi þróun hönnuða - sem að lokum leiðir til hagræns vaxtar til lengri tíma.

Í lykilviðfangsefnum stefnunnar vantar inn umræðu um mikilvægi þess að hönnuðir og fagfólk greinarinnar héraendis séu í virku alþjóðlegu og staðbundnu samstarfi og samtali.

Listaháskóli Íslands hefur verið leiðandi afl í slíku samstarfi hérlendis, bæði með þátttöku á alþjóðlegum rannsóknarefnum (Cirrus – Kuno express og rannsóknarstyrkir frá Evrópusambandinu) , þátttöku á ráðstefnum erlendis (innan Cumulus) og einnig með því móti að flytja fyrirlesara til landsins sem eru leiðandi hönnuðir í heiminum í dag.

Það er ekki nauðsynlegt að skýra hvernig hönnun er fléttað inn í stuðningskerfi nýsköpunar. Hönnun á ekki að vera undirflokkur nýsköpunar. Hönnun er miklu fremur forsenda nýsköpunar og ber að virða og fjármagna sem slíka.

## Hönnunarstefna 2019 - 2027

### Drög til kynningar og umsagnar í samráðsgátt Stjórnarráðsins

#### Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið

*B. Hér í framhaldi eru viðbrögð deildarforseta, fagstjóra og verkefnastjóra hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskóla Íslands við drögum að Hönnunarstefnu 2019-2027 á vegum Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytsins. Fyrst koma fram almenn viðbrögð sem vöknudu í umræðu okkar um stefnuna og í kjölfarið eru ákveðnir punktar stefnunnar skoðaðir nánar í blaðsíðuröð.*

#### **1. Almenn viðbrögð við drögum að Hönnunarstefnu 2019 – 2027:**

Í drögum að nýrri Hönnunarstefnu 2019 – 2027 frá Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu eru settar fram þrjár grunnstoðir þess að hönnun geti orðið drifkraftur til framtíðar. Meðal þriggja grunnstoða er *Menntun og þekking*. Í stefnunni sjálfri er tekið fram að auka þurfi veg hönnunar í grunn- og framhaldsskólum en hvergi kemur fram mikilvægi þess að styðja við og efla rannsóknartengt háskólanám í faggreininni. Þrátt fyrir að ný þekking geti orðið til á öllum námsstigum er staðeyndin sú að í flestum fögum er háskólastigið eina skólastigið sem hverfist um þróun, uppgötvanir og þekkingarsköpun. Það hugsanlega yfirsjón að sneitt er hjá þeirri staðreynd að íslenskt samfélag býr yfir sérhæfðum Listaháskóla sem kennir hönnun- og arkitektúr sem nýtur virðingar á alþjóðavettvangi. Hönnunar og arkitektúrdeild verður því að setja spurningarmerki við stefnuna eins og hún birtist núna. Það virðist sem það hafi verið mjög lítið samráð við jafn stóran og veigamikinn hlekk og hönnunar og arkitektúrdeild er forsvari fyrir í framtíðarmótun hönnunar og arkitektúrs hér á landi. Spyrja má hvort ástæða sé til að endurskoða og endurskilgreina hvernig samráð og þekkingarsöfnun á sér stað í verkferlinum sjálfum við gerð greinagerðar um Hönnunarstefnu. Tryggja verður að jafn veigamiklir og mikilvægir punktar eins og menntun, þróun, þekking og þekkingarsköpun hafi rými í allri umræðu í sköpun á stefnu sem þessari.



## 2. Ákveðir punktar stefnunnar skoðaðir nánar í blaðsíðuröð

### BLS. 3

Í umfjöllun um meginmarkmið er ekkert minnst á sjálfbærni en það hlýtur að vera mikilvægt í öllu sem lítur að hönnun í okkar samtíma.

### BLS. 4

Meginmarkmiðin eru sett fram sem staðhæfingar sem ekki endilega eru sannar.

Til dæmis hefur hönnun ekki alltaf jákvæð áhrif á líf fólks. Markmiðin þyrfti að setja fram með öðrum hætti, t.d. væri hægt að segja: *Markmiðið er að hönnun hafi jákvæð áhrif á líf fólks.*

Undir meginmarkmiðinu *vitundarvakning* vísum við í viðbrögð okkar við greinagerð, þarna ætti með réttu að vera umfjöllun um vægi Listaháskólans í vitundarvakningu samfélagsins á hönnun.

### BLS. 5

Undir flokknum *sjálfbærni* stendur: „Hönnun býr til vistvænni lausnir” Þetta er sett fram sem staðhæfing sem er því miður ekki rétt.

Sömuleiðis undir flokknum *sjálfbærni* segir: „Hönnun beitt til að brúa bil ólíkra sjónarmiða í umhverfismálum og stýra breytingum á samfélagsgerð”

Hér vöknudú spurningar um hvað er átt við með þessari staðhæfingu sem er óskýr.

Í þessum hluta er mikilvægt og í raun ábyrgðarhlutur þeirra er móta Hönnunarstefnu að setja fram afgerandi og ábyrgðarfulla stefnu varðandi sjálfbærni í hönnun. Þarna má finna frasa sem eru innihaldsrýrir, misvísandi og jafnvel rangir.

### BLS 6:

Í þessum kafla um verðmætasköpun birtist þjóðleg minnimáttarkennd, þetta má sjá í setningum á borð við „Sérstaða og gæði íslenskrar hönnunar er þekkt, eftirsótt og bætir orðspor Íslands.”

Í sama kafla má finna setninguna: „*Eftirspurn er eftir þjónustulausnum íslenskra hönnuða*“ Spyrja má, hvaðan fengust þær upplýsingar og hvernig var það metið? Setningin á borð við þessa er allt of almenn og staðhæfingin er innihaldslaus.